

hæstum úrskurði 10. f. m. veitt Sigurði Helgasyni, fyrrum hreppstjóra, á Fitjum í suðurumdæminu á Íslandi, 50 ríkisdala árgjald úr styrktarsjóði dannebrogsmanna, frá því 1. júlím. 1861, og skuli fæð greitt úr jarðabókarsjóði Íslands, helmingur upphæðar þessarar á hverju missiri.

1862.
11. júlím.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að láta kunn-
gjöra hlutadeiganda.

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir
alþingistíðindi.**

11. júlím.

Eptir að komnar eru hingað með bréfi yðar, 29. aprílm. þ. á., ítarlegri skýrslur, er stjórnarráðið hafði beðið um, við-
víkjandi prentun alþingistíðindanna 1859, eruð þér, herra stipt-
amtmaður, um leið og yður nú skal sent bréf dagsett 30. s. m.,
er hingað hefir komið frá forseta á alþingi árin 1859 og 1861,
Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfir-
rættinn, viðvíkjandi borgun þeirra 200 ríkisdala, sem enn standa
eptir af reikningi prentsmiðjunnar fyrir prentun tíðindanna, beðnir
um að fá beina uppástungu Jóns Guðmundssonar um, hvernig
mál þetta skuli útkljáð, og bera síðan uppástungu þessa undir
álit stjórnenda prentsmiðjunnar, og geti þá ekki komið á neinn
samningur millum þeirra og alþingisforsetans, að leggja þá mál-
ið á ný fyrir stjórnarráðið, ásamt álitum yðar um það; komist
samningur á, vonast stjórnarráðið eptir að fá vísbending um það.

Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur.

**42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um laun organistans við dómkirkjuna
í Reykjavík.**

11. júlím.

Þér hafð, herra stiptamtmaður, síðast í bréfi 16. marzm.
þ. á., borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar spurning um
borgun þeirrar launaviðbótar framvegis, sem bæði í fyrra og núna

1862. þetta árið hefir veitt verið organistanum við dómkirkjuna í 11. júlím. Reykjavík af þeim tveim sveitarfélögum, er heyra til safnaðar dómkirkjunnar. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið ekki sér sér fært að fá því til leiðar komið, að launaviðbót þessi sé greidd af efnum dómkirkjunnar, eður úr ríkissjóði, og með því bæjarstjórnin í Reykjavík hefir færzt undan að greiða framvegis gjald þetta, þá virðist ekki eptir atvikum málsins vera næg ástæða til að leggja samþykki á hina fyrri uppástungu bæjarstjórnarinnar 29. nóvemberm. 1860, en eptir þeirri uppástungu átti bærinn og hreppur sá, er heyrir til safnaðarins, í sameining að greiða launaviðbót þessa, með þeim skilmálum, sem nákvæmar voru til teknir.

11. júlím. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna.**

Með bréfi yðar 3. maím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal frá forseta hins síðasta alþingis, Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfrréttinn; fer hann þess á leit, að hin danska þýðing alþingistíðindanna árið 1861 megi burt falla, eður að frestað verði að skera úr um borgunina fyrir þýðing þessa fyrir fullt og allt þangaðtil konungur sé búinn að leggja allrahæstan úrskurð á þegnlega bænarskrá alþingis 23. júlím. 1861, eður að minnsta kosti þangað til málið í heild sinni verði borið undir álit og úrskurð alþingis, þess er haldið verður árið 1863; en til vara hefir hann farið fram á, að hætt verði við þýðinguna sé hún ekki nú þegar búin, nema svo sé, að þýðingin fáið hér í bænum fyrir 3 eður 4 marka borgun fyrir hverja örk af hinu íslenzka eptirriti. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeiganda, að úrskurður sá, sem dómsmálastjórnin hefir lagt á málefni þetta í bréfi til stiptamtmanns 22. janúarm. þ. á.¹ verður að standa

1) Bréf þetta er prentað hér á eptir í viðbæti við árið 1862.